

Nova Klúbburinn kynnir uppgjör fjórða ársfjórðungs og ársins 2025



Áframhaldandi sterkur rekstur leggur grunn að enn frekari vexti

Rekstur Nova skilaði góðri afkomu á árinu 2025 og á fjórða ársfjórðungi. Heildartekjur á fjórða ársfjórðungi voru um 4,0 milljarðar og jukust um 15,25% milli ára, þjónustutekjur námu 2,8 milljörðum og hækkuðu um 3,3%. EBITDA var 1,1 milljarður og hækkaði um 3,6%, EBITDA hlutfallið var 29,8%. Hagnaður fjórðungsins var 239 milljónir og lækkaði um 2,0% milli ára. Heildartekjur ársins námu 14,3 ma.kr sem er umfram útgefið spábíl í upphafi árs (13,7-14 ma.kr) EBITDA er jafnframt í takt við áætlanir félagsins fyrir árið en nam hún 4,251 m.kr. sem er innan spábils sem gefið var út í upphafi árs (4,000 – 4,400 m.kr.). Í uppgjöri þriðja ársfjórðungs var spábílið þrengt í 4,000 - 4,200 m.kr. í og stendur því EBITDA í lok árs umfram það.

Helstu niðurstöður á fjórða ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 4.033 m.kr. og vaxa um 15,25% á milli ára
- Þjónustutekjur námu samtals 2.729 m.kr. og vaxa um 3,3% á milli ára.
- EBITDA nam 1.103 m.kr. og hækkar um 3,6% á milli ára. EBITDA hlutfallið var 27,4% á fjórðungnum samanborið við 30,4% á fyrra ári.
- Hrein fjármagnsgjöld á fjórðungnum nema 123 m.kr. og lækka um 15,2% milli ára.
- Hagnaður fjórðungsins effir skatta var 239 m.kr. og lækkar um 2,0% milli ára.
- Handbært fé frá rekstri á tímabilinu er 777 m.kr.

Helstu niðurstöður ársins 2025:

- Heildartekjur voru 14.299 m.kr. og vaxa um 7,4% á milli ára
- Þjónustutekjur námu samtals 10.859 m.kr. og vaxa um 4,8% á milli ára.
- EBITDA nam 4.256 m.kr. og hækkar um 3,1% á milli ára. EBITDA hlutfallið var 29,8% á árinu samanborið við 31,0% á fyrra ári.
- Hrein fjármagnsgjöld á árinu nema 810 m.kr. og lækka um 3,4% milli ára.
- Hagnaður ársins effir skatta var 783 m.kr. og lækkar um 2,9% milli ára.
- Handbært fé frá rekstri á árinu er 3.209 m.kr.
- Eiginfjárhluutfall var 40,8% í lok ársins og eigið fé nam samtals 9.595 m.kr.

Sylvía Kristín Ólafsdóttir forstjóri Nova segir árið einkennast af stöðugleika í rekstri og framþróun innviða sem leggi grunninn að góðum horfum fyrir árið 2026

„Árið 2025 einkenndist af stöðugum og öflugum rekstri hjá Nova. Sjóðstreymi var sterkt og félagið hefur markvisst byggt upp traustan rekstrargrunn með því að halda í agaðan rekstur, skynsamlegar fjárfestingar og fókus á arðsemi sem setur Nova Klúbbinn í sterka stöðu fyrir áframhaldandi vöxt. Nova stendur á sterkum grunni og er í góðri stöðu til að skapa áframhaldandi virði fyrir hluthafa árið 2026 og til lengri tíma.

Sterkur kúltur og vörumerki hefur tryggt Nova sterka aðgreiningu á hörðum samkeppnismarkaði og á sama tíma skilað ánægðustu viðskiptavinunum 17 ár í röð. Nova er eitt sterkasta vörumerki Íslands og unnum við einnig á dögnum verðlaun Brandr fyrir besta vörumerki vinnustaðar. Nova hélt áfram að byggja sterkan fríðindaklúbb sem er einn sá sterkasti á landinu. Kaupin á 20% hlut í DineOut voru mikilvægt skref í að efla framboð á þjónustu til viðskiptavina. Við færum okkur nær kaupákvörðun viðskiptavinarins og styrkjum tengsl Nova við daglegt líf hans. Þannig leggjum við rækt við aukna trygð í viðskiptasambandinu.

Í ársbyrjun 2025 var Nova Innviðir stofnað. Með því höfum við skýrt betur aðgreiningu innviða og þjónusturekstrar, aukið gagnsæi og styrkt fjárhagslegt svigrúm félagsins. Það er skýr langtíma stefna Nova Klúbbsins að halda ráðandi hlut í Nova Innviðum enda tryggjum við þannig stærðarhagkvæmni, betri nýtingu og traustar tekjustoðir. Sem hluti af innviðavegferðinni kláruðum við í árslok samstarfs- og hluthafasamning Nova hf. og Sýnar hf. um framsal 4G og 5G til Sendafélagsins en Nova hf. á 55% hlut í því á móti Sýn. Þetta er mikilvægt skref í að hámarka virði innviða okkar og skapa sveigjanleika til framtíðar.

Horfur fyrir 2026 eru góðar og Nova er í virkilega sterkri stöðu til að fara í áframhaldandi vöxt ásamt því að styrkja reksturinn. Einfaldara skipulag Nova hefur þegar verið kynnt í febrúar í kjölfar þess að framkvæmdastjóri Upplifunar hætti stöfum. Þá var í framhaldinu framkvæmdastjórum félagsins fækkað um einn og eitt svið lagt niður.


Í síðustu viku tilkynntum við kaup Nova klúbbsins á Ofar hf. Kaupin eru liður í markvissri vaxtarstefnu Nova Klúbbsins og styrkja verulega stöðu félagsins á sviði tæknibúnaðar og þjónustu við fyrirtæki. Ofar er eitt stærsta þjónustufyrirtæki landsins á sviði tæknibúnaðar og þjónustar þúsundir fyrirtækja, þar á meðal langflest stærri fyrirtæki landsins. Við sjáum tækifæri til krossölu hjá Nova á fyrirtækjamarkaði og Ofar á einstaklingsmarkaði. Einnig eru spennandi tækifæri í tengslum við sérsniðar lausnir fyrir stórnótendur og gagnaver sem eru geirar sem bæði félög þjónusta í dag. Samlegðartækifæri liggja á kostnaðarhlíðinni í birgðastýringu, vöruhúsi og innkaupum. Með auknu flækjustigi tæknibúnaðar t.d. með samþættingu gervigreindar verður öflugt fjarskiptanet grunnforsenda slíkra lausna.

Við höfum einnig fjölgað samstarfsaðilum þar sem við kross-seljum fjarskiptaþjónustu og hýsingarþjónustu og náum þannig að sameina krafta til að ná til enn breiðari hóps. Þetta samstarf fer vel af stað og munu kaupin á Ofar einnig styrkja þetta vaxtarhjól.

Ofar og Nova verða rekið í sitthvoru lagi undir Nova Klúbbum sem mun árið 2026 halda áfram á vaxtarvegferð. Helstu tækifæri Klúbbsins til þess að vaxa er að auka virði til viðskiptavina, markaðsókn í nýja geira og nýta innviði og tækni til að auka framlegð. Á árinu verður unnið að því að styrkja Nova Klúbbinn enn frekar sem eignarhaldsfélag með aðgreindar tekjustoðir á sviði þjónustu, tækni og innviða.”

Lykiltölur á fjórðungnum:

Tekjustofnar



Heildartekjur á milli ára vaxa um 7,4% og námu samtals 14.299 m.kr.

Þjónustutekjur, sem samanstanda af tekjum frá viðskiptavinum á FlakkNeti og FastNeti, námu samtals 10.859 m.kr. og vaxa um samtals 501 m.kr., sem er 3,3% vöxtur á milli ára. Þessi tekjuvöxtur skýrist m.a. af hækkanði meðaltekjum og fjölgun viðskiptavina á FastNetinu sem og góðum vexti í tekjum af sérlausnum á fyrirtækjamarkaði, þar sem innviðauppbygging Nova er að styðja áfram vel við stórnótendur í gagnaflutningum.

Vörusölutekjur námu samtals 2.001 m.kr. og aukast um 150 m.kr. sem er 8,1% hækkan á milli ára. Skýrist sú hækkan einna helst af aukinni sölu símtækja og aukahluta sem og útvíkkun á vöruframboði með nýjum vöruflokkum.

Aðrar tekjur nema samtals 1.439 m.kr. og aukast um 333 m.kr., eða um 30,1% á milli ára. Á fjórða ársfjórðungi eru færðar einskiptistekjur upp á 210 m.kr. vegna framsals eigna og reksturs á 4G og 5G dreifikerfi Nova til Sendafélagsins. Leiðrétt fyrir þeim tekjum eru aðrar tekjur að aukast um 123 m.kr. eða um 11,1%, sem skýrist helst af hækkan á tekjum af samrekstri, heildsölu og efnisveitu.

Rekstrarreikningur

	4F25	4F24	Breyt.	Br. %	12M25	12M24	Breyt.	Br. %
Heildar rekstrartekjur	4.033	3.501	532	15%	14.299	13.314	985	7%
Kostnaðarverð seldra vara	1.977	1.595	382	24%	6.597	6.139	458	7%
Laun og launatengd gjöld	662	563	99	18%	2.277	2.031	246	12%
Annar rekstarkostnaður	291	278	13	5%	1.169	1.016	153	15%
Heildarrekstrargjöld	2.929	2.436	493	20%	10.043	9.186	857	9%
EBITDA	1.103	1.065	38	4%	4.256	4.128	128	3%
EBITDA%	27%	30%	-3%	-10%	30%	31%	-1%	-4%
Afskriftir	-624	-632	8	-1%	-2.407	-2.266	-141	6%
Rekstrarhagnaður EBIT	479	433	46	11%	1.849	1.862	-13	-1%
Hrein fjármagnsgjöld	-123	-145	22	-15%	-810	-839	29	-3%
Áhrif hlutdeildafélaga	6	0	6	100%	3	0	3	100%
Tekjuskattur	-123	-44	-79	180%	-258	-216	-42	19%
Hagnaður tímabilsins	239	244	-5	-2%	783	807	-24	-3%
Grunn hagnaður á hlut	0,070	0,070	0,001	2,2%	0,222	0,221	0,001	0,4%

Heildar rekstrargjöld ársins nema samtals 10.043 m.kr. og hækka um 9,3% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nemur samtals 6.597 m.kr. og hækkar um 458 m.kr. á milli ára eða um 7,5%. Sú hækkun skýrist helst af hækkun þjónustukostnaðar vegna fjölgunar viðskiptavina og hækkun á kostnaðarverði seldra vara í takt við aukna vörusölu.

Laun og launatengd gjöld nema samtals 2.277 m.kr. og hækka um 246 m.kr. á milli ára sem nemur 12,1% hækkun. Sú hækkun skýrist einna helst af almennum launahækkunum, auk kostnaðar vegna starfsloka forstjóra og framkvæmdastjóra en stöðugildum fjölga einnig lítillega milli ára.




Á fjórða ársfjórðungi gjaldfærði félagið kostnað vegna forstjóraskipta og starfsloka framkvæmdastjóra Markaðssóknar að heildar upphæð um 70 m.kr. Leiðrétt fyrir því er hækkun launakostnaðar um 176 m.kr. eða um 8,7%.

Annar rekstrarkostnaður nemur samtals 1.169 m.kr. og hækkar um 153 m.kr. sem nemur 15,1% hækkun á milli ára. Á árinu gjaldfærði félagið ráðgjafakostnað upp á 44 m.kr. vegna kaupa á hlutdeild í DineOut, samninga vegna Sendafélagsins og stofnun Nova Innviða, Leiðrétt fyrir þeim liðum er hækkunin samtals 109 m.kr. eða um 10,7 % sem skýrist helst af almennum verðlagshækkunum þjónustuaðila.

EBITDA nemur samtals 4.256 m.kr., EBITDA hlutfall ársins er 29,8% og lækkar lítillega milli ára.

Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 810 m.kr. og lækka um 3,4% á milli ára. Sú lækkan skýrist helst af lægri stöðu vaxtaberandi lána og góðri sjóðstöðu yfir árið með tilheyrandi vaxtatekjum.

Hagnaður ársins var 783 m.kr. og lækkar um 24 m.kr. frá fyrra ári. Hagnaður á hlut er 0,22 kr. og hækkar um 0,4% frá fyrra ári.



Efnahagur


Eignir, mkr.	31.12 2025	31.12 2024	Breyt.	Br. %
Viðskiptavild	10.136	10.136	0	0%
Óefnislegar eignir	1.330	1.426	-96	-7%
Rekstrarfjármunir	1.276	3.939	-2.663	-68%
Leigugeignir	4.268	4.654	-386	-8%
Eignahlutir í hlutdeildarfélagum	1.113			
Lán til tengdra aðila	1.801	3	1.798	-
Tekjuskattsinnæign	704	551	153	28%
Fastafjármunir samtals	20.628	20.708	-80	0%
Birgðir	329	410	-81	-20%
Viðskiptakröfur	1.206	1.174	32	3%
Aðrar skammtímakröfur	491	494	-3	-1%
Handbært fé	890	1.031	-141	-14%
Veltufjármunir samtals	2.916	3.109	-193	-6%
Eignir samtals	23.545	23.818	-273	-1%

Skuldir og eigið fé, mkr.	31.12 2025	31.12 2024	Breyt.	Br. %
Eigið fé	9.608	9.664	-56	-1%
Vaxtaberandi langtímaskuldir	1.785	1.890	-105	-6%
Leiguskuldbindingar	6.289	6.691	-402	-6%
Aðrar skuldir	3.122	3.057	65	2%
Langtímaskuldir samtals	11.195	11.637	-442	-4%
Næsta árs afb. langtímaskulda	105	105	0	0%
Viðskiptaskuldir	892	795	97	12%
Ógreiddir skattar	414	291	123	42%
Næsta árs afb. leigusk. og annarra skulda	353	313	40	13%
Aðrar skammtímaskuldir	978	1.012	-34	-3%
Skammtímaskuldir samtals	2.741	2.517	224	9%
Skuldir samtals	13.937	14.154	-217	-2%
Skuldir og eigið fé samtals	23.545	23.818	-273	-1%

Fastafjármunir félagsins námu 20.628 m.kr. í lok ársins en voru 20.708 m.kr. árið á undan. Rekstrarfjármunir lækka vegna 4G og 5G búnaðar sem framseldur var til Sendafélagsins en á móti hækka eignarhlutur í hlutdeildarfélagum og lán til tengdra aðila. Lánið er til 10 ára með uppgreiðsluheimild, en í janúar nýtti Sendafélagið sér heimildina og endurgreiddi um það bil 1,6 ma.kr. af láninu sem þá færðist undir handbært fé. Óefnislegar eignir breytast í takt við afskriftir og fjárfestingar á tímabilinu. Leigugeignir lækka lítillega vegna sendastaða sem færast til Sendafélagsins. Veltufjármunir félagsins námu samtals 2.916 m.kr. í lok ársins en voru 3.109 m.kr. árið á undan. Sú lækkun skýrist fyrst og fremst af lækkun á handbæru fé í línu við breytingar á sjóðstreymi ársins.

Eigið fé félagsins nam 9.608 m.kr. í lok tímabilsins en var 9.664 m.kr. árið á undan. Eiginfjárlutfall félagsins var 40,8% í lok tímabilsins samanborið við 40,6% árið á undan.


Langtímaskuldir félagsins námu samtals 11.195 m.kr. í lok tímabilsins en voru 11.637 m.kr. árið á undan. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka með samningsbundnum afborgunum, leiguskuldbindingar lækka einnig vegna sendastaða sem færast yfir til Sendafélagsins. Skammtímaskuldir félagsins námu 2.741 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.517 m.kr. árið á undan, sú lækkun skýrist helst af hækkuð ógreidda skatta sem hækka m.a. vegna söluhagnaðar af eignum til Sendafélagsins.



¹ Vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir

² Nettó vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir / EBITDA

Sjóðstreymi




Handbært fé frá rekstri er 3.209 m.kr. og hækkar um 102 m.kr. frá fyrra ári, sem skýrist helst af breytingum á rekstartengdum eignum og skuldum sem eru jákvæð samanborið við neikvæða stöðu á fyrra ári, þar munar mest um breytingar á birgðum og viðskiptaskuldum. Greidd vaxtagjöld standa nokkurn veginn í stað en greiddir skattar hækka með auknum hagnaði fyrra árs.

Fjárfestingahreyfingar námu 2.061 m.kr. samanborið við 1.729 m.kr. á fyrra ári og hækka um 327 m.kr. Hækkunin skýrist af kaupum á DineOut sem námu 350 m.kr. og færast undir eignahlutdeild í hlutdeildarfélagum, ásamt breytingum tengdum Sendafélaginu. Söluverð rekstrarfjármuna nemur 2,8 ma.kr. sem er reiknað söluverð reksturs og búnaðar sem framseldur var til Sendafélagsins. Á móti söluverðinu fékk Nova greitt með hluthafaláni upp á 1,8 ma. kr. og nýju hlutafé í Sendafélaginu upp á 1,0 ma. kr.

Fjármögnunarahreyfingar eru 1.289 m.kr. á tímabilinu samanborið við 834 m.kr. á fyrra ári. Breytingin skýrist af tvennu, annarsvegar greiddi félagið arðgreiðslu sem nam samtals 291 m.kr. að teknu tilliti til eigin bréfa, og hins vegar keypti félagið eigin bréf fyrir samtals 563 m.kr. samanborið við 420 m.kr. árið áður.

Fjárfestingar



Fjárfestingar í rekstrarfjármunum nema samtals 1.358 m.kr. á árinu samanborið við 1.397 m.kr. árið á undan og lækka um 39 m.kr. Uppbygging og viðbætur á fjarskiptakerfi gengu samkvæmt áætlun á árinu. 5G dreifikerfið var eftir með aukinni nýtingu lægri tíðnisviða, með það að markmiði að ná sambærilegu þjónustusvæði og 4G til lengri tíma. Stofnnetið var styrkt með aukinni afkastagetu og auknum öryggisvörnum til að tryggja gæði, rekstrarþol og öryggi í takt við vaxandi gagnaumferð og kröfur viðskiptavina

Fjárfestingar í óefnislegum eignum nema samtals 352 m.kr. samanborið við 244 m.kr. árið á undan og hækka um 108 m.kr. Þessi hækking skýrist helst af viðbótum og vöruþróun í Nova appinu, þar á meðal nýjar lausnir tengdar samþættingu við Dineout. Einnig var þjónustuvefur uppfærður með bættri upplifun viðskiptavina og einfaldari stafrænum ferlum, sem og að fjárfest var í þróun og uppbyggingu eSIM innviða sem styðja við fulla stafræna virkjun.

Horfur fyrir árið 2026

Félagið gerir ráð fyrir að heildartekjur ársins verði á bilinu 13.600 m.kr. til 14.000 m.kr. og áætlað að EBITDA verði á bilinu 3.200 m.kr. til 3.400 m.kr. Heildarfjárfestingar eru áætlaðar um 1.100 m.kr.

Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Á fjárfestavef Nova Klúbbsins <https://www.nova.is/fjarfestar> geta hluthafar og fjárfestar nálgast ítarlegri upplýsingar um rekstur Nova Klúbbsins í sögulegu samhengi.

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fjárfestafréttir með öllum nýjustu fréttum, upplýsingum um reksturinn, uppgjör og viðburði sendar beint á netfangið sitt.

Fjárhagsdagatal 2026

Aðalfundur 2026	26. mars 2026
Uppgjör 1F 2026	30. apríl 2026
Uppgjör 2F 2026	13. ágúst 2026
Uppgjör 3F 2026	22. október 2026
Ársuppgjör 2026	25. febrúar 2027
Aðalfundur 2027	25. mars 2027

Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Samstæðan á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 165 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

Nánari upplýsingar

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, forstjóri, sylvia@nova.is, s. 855 1155
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, thorhallurj@nova.is, s. 770 1090

Tekjuflokkar

FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.

Vörusala

Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.

Aðrar tekjur

Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlínubjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Auk annarra rekstrartekna.